

Skólaráðsfundur 15. september 2014

Mættir: Hólmfríður Þorsteinsdóttir fulltrúi foreldra, Lára Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Sigrún Briem fulltrúi hverfisnefndar, Margrét Ingimundardóttir fulltrúi kennara, Eyrún Skúladóttir skólastjóri. Tómas Lárus Vilbergsson og Fríða Pétursdóttir voru fjarverandi og enginn nemendafulltrúi var mættur.

Elín E. Magnúsdóttir skráði fundargerð.

Eyrún fór yfir mönnun skólaráðs en einhverjar breytingar verða á því. Jóhanna Þorsteinsdóttir var annar varamaður fyrir kennara í fyrra svo ekki er nema einn varamaður kennara í ráðinu þar sem Jóhanna hefur látið af störfum. Kjósa þarf nýja fulltrúa fyrir nemendur þar sem Hlynur er útskrifaður og fundartíminn gengur ekki upp fyrir Ingólf í 9. bekk.

Skóladagatalið

Eyrún fór yfir lauslega yfir skóladagatalið og benti fólki á að það væri að finna á heimasíðu skólans.

Fundartími skólaráðs.

Eyrún lagði til að fundað yrði á mánudögum kl. 14:10 – 15:10. Farið var yfir fyrirhugaða fundadaga skólaráðs á önninni sem eru 20. október, 17. nóvember og 15. desember.

Verkefni skólaráðs

Eyrún fór yfir helstu verkefni skólaráðs. T.d. þarf skólaráð að samþykkja starfsáætlun skólans. Sú áætlun liggur ekki endanlega fyrir en Eyrún lagði fram það sem komið var. Framvegis skal senda starfsáætlun til fræðslustjóra 10. júní sem sendir hana til baka með athugasemdum ef einhverjar eru. Gert er ráð fyrir að skólaráð þurfi að koma saman í ágúst til að fara endanlega yfir starfsáætlunina sem þarf að skila aftur fyrir 1. september. Fara þarf vel yfir þau atriði sem þurfa að vera í starfsáætlun. Eitt af því sem þarf að setja inn er viðbrögð við vá. Ýmislegt þarf að lagfæra. Eyrún fór yfir þau atriði sem skólanámskráin á að innihalda. Skólanámskráin er plagg sem er nokkuð fast í forminu. Stýrihópur um skólanámskrá heldur utan um vinnu við að uppfæra skólanámskrána.

Heimasíðan

Eyrún sagði frá breytingum á heimasíðunni. Verið er að færa heimasíðuna úr Frontpage í Wordpress. Hópur kennara í skólanum er að vinna í þessu. Búið er að kaupa lén og fá hýsingu.

Grenndarkennsla

Í fyrra veitti hverfisnefndin skólanum styrk upp á 500.000 til að setja ýmislegt upp í umhverfi skólans. Margt hefur verið í gangi við vinnu á útisvæðinu á haustdögum og verður áfram. Grænfánahátíð verður á föstudaginn, þá fær skólinn grænfánann í fjórða sinn. Hátíðin byrjar kl. 10:35.

Viðhald húsnæðis

Beiðni kom frá skólaskrifstofunni um forgangsörðun á viðhaldi á húsnæði skólans. Eyrún fór yfir viðhaldslistann og bað fólk um álit á honum og tillögur að fleiri atriðum

Fjárhagsáætlun 2015

Eyrún sagði skólann vera nokkuð vel á áætlun sem skapast m.a. vegna þess að þeir tímar sem kennarar afsöluðu sér í afslátt vegna nýrra kjarasamninga gera það að verkum að enn er hægt að

halda í litla nemendahópa og veita nokkuð vel í stoðþjónustu. Hins vegar eigum við von á tímum fækki heldur. Árgangastærðir eru óheppilegar.

Eyrún las upp úr gamalli skólaritgerð um Barnaskólann í Bótinni.

Önnur mál voru engin að þessu sinni.

Næsti fundur í skólaráði verður 20. október.

Fleira ekkii fært til bókunar

Elín E. Magnúsdóttir